

Aðalfundur foreldrafélags Giljaskóla  
11 Maí 2010

Fundur settur kl.

Mættir voru 51 fyrir utan stjórn sem er frábær mæting miðað við síðustu ár.  
(Síðustu 4 ár hefur mæting á aðalfundi aukist um 10-15 manns milli ára).

Fyrst á dagskrá var skoðunarferð um íþróttahúsið. Óli sagði frá þróun mála íþróttahússins, hvernig haustið 2006 var byrjað að þrýsta á að fá íþróttahús í framkvæmd. Hvernig ferlið var ca. 2 vetur og hversu mikinn þátt foreldrafélagið átti í að ýta á þessa framkvæmd og við sjáum öll í dag útkomuna.

Eyrún formaður ræðir stjórnarmál; tveir ganga úr stjórn. Óskað var eftir stjórnarmeðlimum í tölvupósti til allra foreldra. Fulltrúar eru kosnir til tveggja ára í senn.

Því næst var fundargestum boðið að bjóða sig fram, enginn gerði það.

Núverandi stjórn samþykkt með tveimur nýjum meðlimum, Ragnhildi Örne Hjartardóttur og Bergþóru Þórhallsdóttur.

Tryggvi gjaldkeri fór yfir ársreikning. Kom inn á að innheimtur voru verri enn í fyrra þrátt fyrir að sífellt sé leitað nýrra leiða.

Fundargestur benti á að rúkkun hefði “týnst” í heimabanka og verður það ath.

Útskýrt var af hverju börnin rukka ekki lengur inn, fengu oft skammir og bággt fyrir.

Hugmynd: Væri hægt að nota pening til að greiða fyrir það sem annars er skorið er niður?

Anna Karen ritari fór yfir störf félagsins í vetur

Kaffihlé

Eyrún formaður fór yfir könnun og hvað kom út úr henni, fór inn á Reykjaferðir og bekkjafulltrúamál. Benti á að oft fara baráttumál fram á bakvið tjöldin. Fella átti Reykjaferðir niður, foreldrar stóðu fyrir ferðunum og söfnuðu fyrir þeim. Allir skólar fóru og var þrýst á skóladeild, málið fór fyrir dóm og var dæmt ólöglegt að setja þetta yfir á foreldra.  
(Skólinn borgar rútu og kennaralaun) Samtaka þrýsti á þetta mál.

**Innskot** foreldris í sambandi við könnunina, þegar auglýst er að vanti foreldra til að aðstoða HVAD vanti aðstoð við. Hana langar að aðstoða en leggur kannski ekki í hvað sem er.

**Innskot foreldris**, faðir kom inn á hversu mikilvægt sé að hafa gott foreldrasamstarf og láta ekki niðurrifsradir skemma fyrir því góða starfi sem hefur áunnist t.d. Reykjaferð, unglíngadrykkju, foreldrarölt o.fl

Rætt um foreldrarölt í hverfinu viljum ekki að hlutirnir fari í samt horf.

Almenn ánægju á meðal foreldra með könnunina

Almenn umræða um facebook, tölvunotkun, gistingu eldri nemenda í skólanum

Mötuneytismál skoðuð. Máltíðir ofnæmisbarna ræddar og að því sé ábótavant.  
Skammtastærðir – misjafnar skoðanir. Í öðrum skóla borða kennarar með 1-4 bekk og skólinn borgar þá alveg niður mat kennarans. Kvartað um að ef þau borða ekki alla ávexti þá geta þau ekki verið í ávaxtaáskrift þar sem þau geta ekki valið ávextina. Er undirmannað í eldhúsi, er hægt að samræma meira milli skóla, er hægt að fá fleira starfsfólk inn á álagstíma, Þráðurinn tekinn upp næsta haust, alltaf hægt að gera betur.  
Innskot foreldris: af hverju er maturinn í ráðhúsinu ódýrari en í skólamötuneyti..?

Önnur mál, Íþróttaskóli fyrir börn var ræddur.

Lokaorð – Endum á verðlaunamynd stuttmyndadaga – “Skólavaktin”

Fundi slitið 22.15